

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Breyting á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis, hótellóðar í landi Arnarvatns.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 1. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að lóð verslunar- og þjónustusvæðis, hótellóðar í landi Arnarvatns, stækkar um 2 ha og verður alls 9 ha. Fyrirhugað er að reisa starfsmannahús innan stækkunarinnar, mesta heimiluð vegg hæð bygginga er 5,5 m.

Samhliða deiliskipulagsbreytingunni var gerð breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 fyrir umrætt svæði, sem staðfest var 25. maí 2016.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Mývatnssveit, 30. september 2016.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2016